

## 7. gr.

Innheimtuaðila er heimilt að halda gjaldföllnum gjöldum skv. þessari reglugerð eftir hverju sinni þegar skil niðurgreiðslna eða útflutningsbóta úr ríkissjóði eða endurgreiðslur af hinu sérstaka kjarnfóðurgjaldi fara fram til viðkomandi aðila.

## 8. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins greiðir mánaðarlega til Stofnlánadeildar landbúnaðarins innheimt neytenda- og jöfnunargjald auk vaxtatekna. Kostnað innheimtuaðila við innheimtu og endurskoðun greiðir Stofnlánadeild eftir reikningi.

Endurskoðendur Búnaðarbanka Íslands geta endurskoðað reikningsskil innheimtuaðila fyrir gjaldinu ef þurfa þykir og skal þeim heimill aðgangur að öllum þeim gögnum er gjöldin varða og innheimtuaðili getur í té látið.

## 9. gr.

Rísi ágreiningur um gjaldskyldu eða önnur atriði varðandi reglugerð þessa, sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

## 10. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og lögum nr. 45 16. apríl 1971 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerðir nr. 226 21. apríl 1986 um innheimtu gjalda til Framleiðsluráðs landbúnaðarins og nr. 627 11. nóvember 1982 um innheimtu gjalda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

*Landbúnaðarráðuneytið, 28. desember 1990.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Jón Höskuldsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á mjólkurreglugerð nr. 35/1986, sbr. breytingu á reglugerð nr. 654/1989.**

## 1. gr.

1. tl. ákvæða til bráðabirgða til fullnustu ákvæða reglugerðarinnar orðist svo:
1. Við fjós þar sem ekki eru fyrir hendi haughús, sbr. 17. gr. 5. tl. er mjólkurframleiðendum veittur frestur til 1. janúar 1992 til að fullnægja þeim ákvæðum.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum nauðsynjavörum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1990.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*